

Námsgrein: Íslenska

6. bekkur

Tímafjöldi á viku: 3,5 klst.

Kennarar: Þórdís Ása Guðmundsdóttir og Sigurður Már Vilhjálmsson

Kennsluaðferðir og skipulag: Innlagnir, samvinna nemenda, einstaklingsvinna, námsleikir o.fl.

Námsmat: Símat í kennslustundum. Ýmis fjölbreytt verkefni unnin af nemendum einstaklingslega eða í samvinnu við aðra. Mat hæfniviðmiða birt á Mentor

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar :
Læsi	Nemendur náí sem bestri færni í lestri og ritun.
Sjálfbærni	Nemendur takist á við ýmis álitamál og ágreiningsmál í lesnum textum.
Heilbrigði og velferð	Jákvætt andrúmsloft skapað til íslenskunnar þannig að öllum líði vel við vinnuna.
Lýðræði og mannréttindi	Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir auk þess sem tekið er tillit til áhuga nemenda. Nemendur eru þá hvattir til gagnrýnnar hugsunar við lestur og verkefnavinnu.
Jafnrétti	Nemendur fáí verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti.
Sköpun	Að virkja nemendur til að gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en þeir hafa áður gert og miðla til annarra. Umræður um ólíka texta verði til þess að nemendur myndi sér sjálfstæðar skoðanir. Ritunarverkefni og hópaverkefni verði markvisst notuð með sköpunarferli í huga, s.s. þemaverkefni.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið
Málfræði: - Nafnorð - Sagnorð - Lýsingarorð	Málrækt 2	Nemandi geti: • Beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi. • Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra. • Beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um ýmis einkenni málsins og málnotkun sína. • Notað algeng orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta. • Skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni, viðtakendum og birtingarformi.
Lestur	Nestislestrarbók nemenda. Fólkið í blokkinni	Nemandi geti: • Lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt. • Notað einföld bókmenntahugtök í umræðu og vinnu með innihald og einkenni ljóða frá ólíkum tímum. • Tjáð hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta, metið, mótað og endurskrifað með hliðsjón af hjálpargögnum. • Notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér fjölbreytt málsnið við orðmyndun, tal og ritun. • Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar.
Lesskilningur	Annar Smellur Orðspor 2	Nemandi geti: • Lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta. • Beitt fjölbreyttum orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða og orðasambanda. • Nýtt sér myndefni og stafrænt efni á gagnrýnninn hátt og greint frá aðalatriðum þess. • Beitt lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni. • Skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýnninn hátt. • Hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum.